

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 9. júlí 2024
UST202403-380/H.G.
08.04

Efni: Tillaga að breytingu á starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. kt. 531278-0469 (Hér eftir Kalka) þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða breytingu á starfsemi stöðvarinnar, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Kalka er með starfsleyfi frá 21. september 2016 fyrir meðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinna sem gildir til 21. september 2032.

Í erindinu er sótt um breytingu á 4. og 5. tl. 1. mgr. í gr. 1.2 í starfsleyfi rekstraraðila þar sem heimild er veitt til brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum úrgangi og 1000 tonnum af spilliefnum á ári. Óskað er eftir að auka heimildina upp í 600 tonn af sóttmenguðum úrgangi og 1200 tonn af spilliefnum á ári. Fram kemur að hvorki sé verið að auka heildarmagn úrgangs sem kemur til brennslu í stöðinni né reisa ný mannvirki. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 7. júní sl. þar sem stofnunin taldi að aukin brennsla á sóttmenguðum úrgangi og spilliefnum kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Stofnunin áformar því að breyta gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku Sorpeyðingarstöðvar sf. að undangenginni auglýsingu.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. gr. 1.2 í starfsleyfi Kólku:

- Í stað „400 tonn“ í 4. tl. kemur: „600 tonn“
- Í stað „1000 tonn“ í 5. tl. kemur „1200 tonn“

Ákvörðunin mun nú vera auglýst í fjórar vikur eða til og með 6. ágúst 2024. Að því loknu mun Umhverfisstofnun taka ákvörðun um breytinguna á starfsleyfi Kólku.